



LANGANESBYGGÐ

9. fundur sveitarstjórnar Langanesbyggðar haldinn í grunnskólanum á Bakkafirði þriðjudaginn 30. september 2014 og hófst kl 17:00

Mætt eru: Hilma Steinarsdóttir, Þorsteinn Ægir Egilsson, Dagrún Þórisdóttir, Hulda Kristín Baldursdóttir, Siggeir Stefánsson, Halldóra Jóhanna Friðbergdóttir, Björn Guðmundur Björnsson, Elías Pétursson og Sigríður Jóhannesdóttir sem ritaði fundargerð.

Oddviti bauð fundarmenn velkomna og spurði hvort gerð væri athugasemd við fundarboð. Svo var ekki.

Oddviti skýrði frá því að búið er að fá úr því skorið með fundargerðir sveitarstjórnar að þar sem þær eru upplesnar og samþykktar í lok hvers fundar er ekki ætlast til þess að þær séu lagðar fram til kynningar á næsta fundi á eftir. Framvegis verða fundargerðir sveitarstjórnar því ekki lagðar fram til kynningar.

Dagskrá:

1. Fundargerð íþrótt- og tómstundanevndar nr 2/2014

Lögð fram til kynningar

2. Fundargerð fræðslunefndar nr 3/2014

Lögð fram til kynningar

3. Fundargerð hafnarnefndar nr 1/2014

Lögð fram til kynningar

4. Fundargerð umhverfis- og skipulagsnefndar nr 2/2014

Liður 1: Sveitarstjórn samþykkir samhljóða afgreiðslu umhverfis- og skipulagsnefndar.

Liður 2: Staða mála á urðunnarstaðnum á Bakkafirði rædd. Sveitarstjóra falið að taka málið upp við íbúasamtök Bakkafjarðar. Málið afgreitt síðar. Samþykkt með 6 atkvæðum. Þorsteinn Ægir situr hjá.

Liður 4: Sveitarstjórn samþykkir samhljóða afgreiðslu umhverfis- og skipulagsnefndar.

Liður 5: Sveitarstjórn samþykkir samhljóða afgreiðslu umhverfis- og skipulagsnefndar.

Liður 6: Sveitarstjórn samþykkir samhljóða afgreiðslu umhverfis- og skipulagsnefndar.

Liður 7: Sveitarstjórn telur að snúningsplan á móts við fyrstu beygju á Gunnólfsvíkurfjalli sé spennandi kostur. Sveitarstjórn samþykkir afgreiðslu umhverfis- og skipulagsnefndar með fyrirvara um að öryggi vatnsbólsins verði tryggt. Sveitarstjóra falið að fara yfir það með Vegagerðinni. Samþykkt samhljóða.

5. Fundargerð 818. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga, dags. 12. september 2014.

Lögð fram til kynningar.



LANGANESBYGGÐ

6. Fundargerð 367. fundar stjórnar Hafnarsambands Íslands, dags. 3. september 2014

Lögð fram til kynningar

7. Fundargerð 3. fundar Fagraðs Vatnsveitusviðs Samorku, dags. 29. ágúst 2014

Lögð fram til kynningar

8. Fundargerð aðalfundar Menningarmiðstöðvar Þingeyinga 2014

Lögð fram til kynningar

9. Aðalfundarboð aðildarféлага Samtaka sveitarfélaga á köldum svæðum 10. október 2014

Lagt fram til kynningar.

Sveitarstjóri mun mæta á fundinn.

10. Ársfundur Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga haldinn 8. október 2014

Lagt fram til kynningar.

Sveitarstjóri, oddviti og skrifstofustjóri munu mæta á fundinn.

11. Aðalfundarboð frá Samtökum sjávarútvegssveitarfélaga 8. október 2014

Lagt fram til kynningar.

Sveitarstjóri, oddviti og skrifstofustjóri munu mæta á fundinn.

12. Fundir sveitarstjórna með fjárlaganefnd

Búið að bóka fund með fjárlaganefnd Alþingis 17. október kl 9:20.

13. Kynningarbréf frá „við stólum á þig“

Sveitarstjórn telur sér ekki fært að koma að þessu verkefni að svo stöddu. Samþykkt samhljóða.

14. Starfslok fyrrverandi sveitarstjóra í Langanesbyggð

L-listinn leggur fram eftirfarandi bókun og snýr hún að bókun fráfarandi oddvita sem hann gerði á sveitarstjórnarfundi 28.08.2014. Þá skal það tekið fram að L-listinn efast ekki um vinnuframlag Ólafs Steinarssonar og að hann hafi unnið af heilindum fyrir sveitarfélagið og telur eðlilegt að orlof sé gert upp. Það skal vera skýrt að það sem L-listin gerir athugasemdir við er að svokallaður meirihluti hafi þá ekki bókað það að hann skyldi vera leystur út með gjöfum. Í bókuninni segir að meirihluti sveitarstjórnar samþykki starfslokasamning og það þykir L-listanum furðulegt þar sem ráðningasamningurinn var alveg skýr. Skal það leiðréttast hér að þessi starfslokasamningur var ekki 115 þús kr. eins og fyrrverandi oddviti segir í bókun sinni heldur er hann 301.841 kr. Telur L-listinn að þegar tekin er slík ákvörðun væri eðlilegt og stjórnsýslulega rétt að bóka slíka ákvörðun á sveitarstjórnarfundi enda telst það opin stjórnsýsla og í samræmi við vinnubrögð sem sveitarstjórn á að vinna eftir.

Siggeir óskaði eftir fundarhlé. Oddviti gaf fundarhlé í 10 mínútur.



U-listinn lagði fram eftirfarandi bókun:

Á hreppsnefndarfundum 28 ágúst síðastliðnum bókaði ég svar við ósk um skýringum á starfslokum Ólafs. Þar var tekinn saman gróft kostnaður vegna starfsloka hans og til að gæta nákvæmis þá er hér samantekinn kostnaðurinn samkvæmt reikningum frá Langanesbyggð og farsíma hans bætt við. Fartölva 118.701,-, (vantaði vsk síðast) ferðkostnaður 35.948,-. Einnig hélt hann eftir síma sem kostaði 131.903,- sem ekki var tekið með síðast þar sem eðlilegt var talið að hann héldi eftir símanum. Samtals er þetta 286.552,-. Við ítrekum það að það var skýr meirihluti fyrir því að ganga frá þessum starfslokum við Ólaf.

Vegna umræðu um starfslok sveitastjóra þá er nauðsynlegt að það komi fram að ekki náðist að gera starfslokasamning við Gunnólf sem var reynt nema með aðstoð lögfræðings. Gunnólfur hélt eftir síma sem kostaði 72.990,- Þrátt fyrir að ekki hafi verið ákvæði um það í ráðningasamningi Gunnólfs. Hann krafðist þess að fá að halda húsnæðinu einu ári lengur enn samningurinn við hann hljóðaði upp á. Þurfti að kosta til lögfræðing til að loka því máli. Gunnólfur var með húsnæðið í 4 mánuði, einum mánuði lengur enn samningurinn hljóðaði upp á enn greiddi fulla leigu fyrir síðasta mánuðinn. Lögfræðikostnaður Langanesbyggðar var tæp 100 þúsund krónur vegna þessa máls.

15. Framkvæmdir 2014

Vegna bókunar á síðasta hreppsnefndarfundum undir liðnum framkvæmdir 2014 vill U listinn koma með eftirfarandi bókun sem byggir á þeim gögnum sem voru lögð fram á síðasta fundi. Framkvæmdir ársins 2014 stóðu í 25,7 mkr þann 30. júní síðastliðinn og eftir það til lok ágúst bættist við um 14,3 mkr. Samkvæmt fjárhagsáætlun 2014 var gert ráð fyrir að framkvæmdafé yrði 25 mkr en sveitastjórn ákvað það á fundi fyrri hluta ársins, fundur nr 104/2014, að auka það upp í 30 mkr. Þetta er fyrir utan hönnunavinnu við leikskóla, kaup á Hálsvegi 9-11 og lok á hafnarframkvæmdum á Bakkafirði. Gert var ráð fyrir að eyða talsverðum fjármunum í byggingu á nýjum leikskóla á árinu 2014.

Þau verkefni sem unnin hafa verið að á árinu 2014 eru Járnskarlinn, viðhald á húsnæði grunnskólans, íþróttahúsinu, félagsheimilinu, Lækjarvegi 3, Hálsvegi 9-11 og viðhald á fjárréttum. Einnig stækkun á tjaldsvæði og bæta þjónustu þar við ferðamenn en það var ekki vanþörf á. Allt eru þetta góðar og nauðsynlegar framkvæmdir og vonandi getum við haldið áfram að taka á viðhaldsmálum og nýframkvæmdum í sveitarfélaginu.

Sum af þessum verkefnum fóru fram úr áætlunum og þau sem fóru mest framúr voru viðhald í íþróttahúsinu og tjaldsvæðið. Eins og við vissum best þá er einungis hægt að fá vsk endurgreiddan af framkvæmdum út árið 2014 sem hafði viss áhrif þegar ákveðið var að halda áfram með framkvæmdir þrátt fyrir loðnubrest. Það á eftir að draga frá endurgreiðslur á virðisauka á vinnu við þessar framkvæmdir, en þær munu lækka framkvæmdakostnaðinn en ekki er hægt að segja til um það núna hvað það er mikið.

Undanfarinn 2-3 ár höfum við verið að framkvæma mikið og tekið á ýmsum aðkallandi framkvæmdum og viðhaldsmálum í sveitarfélaginu og er það vel.

Járnskarlinn

Heildarkostnaður fór yfir 20 milljónir kr. Styrkir vegna verkefnisins námu rúmleg 13 milljónum. Kostnaður Langanesbyggðar var um 3,1 mkr árið 2014 og 5,1 mkr árið



2013. Járnkarlinn er framkvæmd sem við teljum að muni skila okkur fleiri ferðamönnum inn á svæðið til framtíðar. Framkvæmdin hefur hlotið verðskuldaða athygli.

Grunnskólinn á Þórshöfn

Skipt þurfti um flúorljós í stofum sem voru orðin mjög gömul og hávaði farinn að trufla kennslu. Einnig var skipt um loftplötur og teknar niður plötur sem ollu rykmengun. Kostnaður upp á um 2,3 mkr

Íþróttahúsið Ver

Skipt var um báða heitu pottanna og dúkur og fleira í sundlaug lagfært. Kostnaður við þennan lið hækkaði á verktíma. Hækkunin stafaði af óvæntum uppákomum á verktíma bæði við potta og viðgerð á sundlaug. Kostnaður um 4 mkr. Ástandsskýrsla sem gerð var vegna íþróttahúsins sýnir töluverða viðhaldspörf, eitthvað sem skoða þarf vel og leggja mat á við forgangsröðun verkefna næstu árin.

Félagsheimilið Þórsver

Klára þurfti þakskegg og niðurföll. Gólf í sal var tekið í gegn, framhlið á sviði og gólfið á sviðinu sjálfu var klætt vegna athugasemda sem Vinnueftirlitið hafði gert. Gerð var hurð frá tónlistarskóla og yfir á sviðið sem gerir tónlistarskólanum mögulegt að nýta svið og sal til náms og æfinga. Kostnaður alls um 4 mkr. Skipt var um þak og fleira árið 2013. Ástandsskýrsla sem gerð var vegna félagsheimilisins sýnir töluverða viðhaldspörf, eitthvað sem skoða þarf vel og leggja mat á við forgangsröðun verkefna næstu árin.

Lækjarvegur 3

Samkvæmt fagmönnum lá húsið undir skemmdum vegna leka hér og þar og hefði verið nauðsynlegt að fara fyrir í þessar framkvæmdir. Skipt var um þak, niðurföll, bæði húsið og bílskúr einangrað og klætt. Ýmislegt viðhald framkvæmt í húsi og bílskúr. Orðinn góð eign í dag. Kostnaður um 4,8 mkr og mjög nálægt áætluðum kostnaði.

Hálsvegur 9-11

Langanesbyggð keypti hlut ríkisins og Svalbarðshrepps í þessum íbúðum. Ekki var vitlegt að fara í viðhald á eigninni fyrir en hún var orðin eign langanesbyggðar að fullu því kostnaður við viðhaldið lenti eingöngu á Langanesbyggð enn aðrir eigendur héldu samt sínum eignarhlut. Eigninn var orðinn illa farinn vegna aldurs og lélegs viðhalds. Kostnaður um 3,9 mkr. Eignin verður í framhaldinu ágæt að utan en þörf er á lagfæringum á íbúðunum að innan í framtíðinni.

Fjárréttir

Ákveðið að setja 1 mkr í viðhald á fjárréttum í sveitarfélagi. Landbúnaðarnefnd ákvarðaði hvað yrði gert fyrst.

Tjaldsvæði

Vegna aukinnar umferðar ferðamanna og kröfur um betri aðstöðu á tjaldsvæði við Þórshöfn var ákveðið að stækka svæðið og lagfæra. Kostnaður hækkaði mikið á verktíma vegna meiri vinnu við undirlag og eins var ákveðið að stækka svæðið og loka skurði. Að auki var sett upp upphituð salernisaðstaða með sturtu og einnig þurfti að endurnýja rafmagnstreng á svæðinu. Gróft þá kostuðu jarðframkvæmdir með þökun um 10 mkr, salernisaðstaða um 5 mkr og strengur um 2 mkr. Aðstaðan er nú orðin að mörgu leyti til fyrirmyndar fyrir Langanesbyggð. Tekjur af tjaldsvæði sumarið 2014 voru gróft sagt um 1,12 milljónir króna og hækkuðu um 275% milli ára. Benda má á það að eftir því sem fleiri stoppa á tjaldsvæðinu munu tekjur í Veri og hjá þjónustuaðilum á svæðinu hækka líka.



Til samanburðar þá var árið 2013 framkvæmt fyrir um 150 mkr. Stærst voru hafnarframkvæmdir um 90 mkr. Aðrar framkvæmdir um 60 mkr var viðhald og nýframkvæmdir eins og Járnskarlinn, veggur á tjaldsvæði, grunnskólar á Þórshöfn og Bakkafirði, íþróttamiðstöðin, félagsheimilið. Hallgilsstaðir, gangstéttir, bifreiðakaup, klippur í slökkvibíl og fleira.

16. 6 mánaða uppgjör 2014 og rekstur sveitarsjóðs

Á síðasta fundi sveitarstjórnar var lagt fram 6 mánaða uppgjör þar sem fram kom að tap væri um 22 mkr. Það er nauðsynlegt að það komi fram að það er aðallega vegna þess að loðnubrestur var fyrri hluta ársins sem þýddi minni tekjur fyrir sveitarsjóð á ýmsum sviðum. Það jákvæða í þessu 6 mánaða uppgjöri er að gjöldin eru nokkuð í samræmi við áætlanir. Það verður að hafa það í huga við skoðun á 6 mánaða uppgjöri að tekjur sveitarfélagsins eru mestar seinnipart ársins þegar vinnslan er mest hjá Ísfélaginu og að þunginn í framkvæmdum er yfir vor og sumartímamann.

Sem dæmi þá var tap upp á 29,5 mkr í 8 mánaða rekstraryfirliti ársins 2013 þrátt fyrir góða loðnuvertíð enn árið endaði með 6 mkr hagnaði. Viðsnúningurinn sem varð síðustu 4 mánuðina í fyrra helgast af góðri vertíð hjá Ísfélaginu og einnig öflugum aðhaldi og eftirfylgni í rekstri félagsins sem byggðist á góðri samvinnu og upplýsingagjöf milli sveitastjóra, skrifstofu og deildastjóra.

Það er vel ef sveitarfélagið getur borgað skuldir sínar, verið með skuldahlutfall um 90% og staðið í miklum framkvæmdum og viðhaldi eins og raunin er síðustu ár.

Á síðasta vetri voru innleidd ítarleg mánaðaruppgjör fyrir sveitarfélagið sem veitti nýja og betri sýn á reksturinn. Nauðsynlegt er að sveitarstjórnarmenn og stjórnendur viti hvernig gangurinn er á hverjum tíma. Því óskum við eftir því að fá mánaðarleg rekstraryfirlit skipt upp eftir mánuðum og málaflokkum fyrir sveitarsjóð A og B hluta. Einnig er nauðsynlegt og ósk okkar að deildarstjórar fái ítarleg rekstarniðurstöðugögn mánaðarlega hver fyrir sína deild. Þá er einnig brýnt að lögð verði fram á næsta fundi fjárhagsáætlun til loka ársins og áætlun um hvernig á að bregðast við niðurstöðu 6 mánaða uppgjörs. Nauðsynlegt er að sýna aðhald í rekstrinum þá mánuði sem eftir eru af árinu og upplýsa sveitarstjórnarmenn reglulega um stöðuna.

Oddviti óskaði eftir fundarhlé

Oddviti lagði fram eftirfarandi bókun:

Undanfarnar vikur hefur verið unnið að skýrari framsetningu á mánaðarlegum uppgjörum ásamt og að innleiða það verklag að öll gögn séu ætíð tekin beint út úr bókhaldskerfi sveitarfélagsins. Þetta er gert í þeim tilgangi að einfalda vinnubrögð, minnka líkur á mistökum og að geta á hverju tíma sett fram gögn nær rauntíma upprunin beint út úr kerfunum. Öll þessi vinna er unnin í samráði við endurskoðanda sveitarfélagsins.

Jafnframt eru starfsmenn skrifstofu Langanesbyggðar að sækja sér aukna þekkingu í þeim kerfum sem aðgengileg eru allt í þeim tilgangi að bæta utanumhald en þó sérstaklega áætlanagerð.



17. Prókúra sveitarstjóra

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að veita Elíasi Péturssyni kt. 130665-3739, sveitarstjóra Langanesbyggðar prókúru fyrir hönd sveitarfélagsins. Oddvita falið að ganga frá því með Elíasi.

18. Sértekak húsaleigubætur

Skrifstofustjóri fór yfir minnisblað vegna sértekra húsaleigubóta. Þar kemur fram að samkvæmt útgreiðslum á almennum húsaleigubótum í Langanesbyggð fyrir september er enginn íbúi sveitarfélagsins að fullnýta almenna húsaleigubótakerfið, sem þýðir að í dag er enginn sem falla myndi undir reglur um sértekak húsaleigubætur. Af fyrrgreindum ástæðum þá er ekki talin ástæða til frekari vinnu vegna málsins. Samþykkt samhljóða.

19. Skýrsla sveitarstjóra

a) Slökkvibifreið – undanfarabíll

Málið hefur verið unnið í samræmi við samþykktir sveitarstjórnar og er staðan nú sú að samkomulag hefur náðst við söluaðila og unnið er að því að flytja bílinn heim.

b) Skólaakstur

Hlutaðeigandi hefur verið kynnt niðurstaða málsins.

c) Landsþing sambands íslenskra sveitarfélaga

Oddviti og sveitarstjóri fóru á landsþingið og tóku virkann þátt í starfi þess. Sveitarstjóri og oddviti kynntu helstu málefni landsþingsins.

d) Önnur mál

Búið að senda umsókn um byggðarkvótann.

Lagt var fram sjö mánaða bráðabirgðauppgjör. Sveitarstjóri fór í grófum dráttum yfir uppgjorið. Góð umræða var um uppgjorið.

e) Næsti fundur sveitarstjórnar.

Næsti fundur sveitarstjórnar ætti að vera 9. október en þar sem þá stendur yfir fjármálaráðstefna sveitarfélags er lagt til að hann verði miðvikudaginn 15. október 2014. Samþykkt samhljóða.

Fleira ekki gert

Fundargerð upplesin og samþykkt samhljóða

Fundi slitið kl 19:22